

## **16. Fundur hverfisnefndar Giljahverfis, haldinn í Giljaskóla, 08.04.2016.**

Mættir:

Finnur Víkingsson formaður, Hafþór Jörundsson, Elín Eyjólfsdóttir, Eva Hlín Dereksdóttir.

Forföll boðaði Finnur Aðalbjörnsson.

Þetta var rætt:

1. Eins og rætt var á síðasta fundi hefur Akureyrarbær hefur ákveðið að lækka framlag til nefndanna niður í 1.5 milljón. Þetta kom í pósti frá Jóni Birgi þann 3.3.2016. Formaður óskaði strax eftir skýringum á þessu og einnig að fá upplýsingar um stöðu Hverfisnefndar Giljahverfis þar sem ekkert var gert af þeim óskum sem nefndin sendi inn fyrir árið 2015. Enn hafa svör ekki borist þrátt fyrir að ítrekað hafi verið sendur póstur á Jóni Birgi um málið. Þetta setur okkur skorður því við vitum ekki stöðuna á verkunum og ekki heldur hvað við höfum mikið fjármagn.
2. Við eigum að skila inn til bæjarins tillögum fyrir 15. apríl en teljum okkur ekki fært að gera það fyrr en svör hafa fengist við okkar fyrirspurnum um stöðu nefndarinnar.
3. Aðalfundur verður haldinn um leið og svör hafa borist frá Jóni Birgi.

Fleira ekki tekið fyrir.

Finnur Víkingsson  
fundaritari.